

Umsögn Ökukennarafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum.


388. mál, ökuskírteini, hert viðurlög.

Ökukennarafélag Íslands fagnar framkomnum tillögum um hert viðurlög við alvarlegum umferðarlagabrotum. Jafnframt fagnar félagið ákvæðum um hlífðarbúnað ökumanna og farþega bifhjóla. Varðandi ökuréttindi og unga ökumenn fagnar félagið framkomnum tillögum þó að félagið óski eftir að gera athugasemdir við eftirfarandi atriði sem vænst er að tekið verði tillit til.

Nr.1; Um aðra málsgrein 1. greinar. Ekki liggur ljóst fyrir hver er ástæða lengingar gildistíma bráðabirgðaökuskírteinis í þrjú ár þegar hægt er að sækja um fullnaðarskírteini eftir sem áður eftir eitt ár. (Ætti kannski að lengja þann tíma í tvö ár til að aukin akstursreynsla fái st? Er ekki visst ósamræmi í þessu?)

Nr 2; Um þriðju málsgrein 1. greinar. Lagt er til að gildistími fullnaðarskírteinis verði 10 ár eins og það var fram til 1988. Það er skoðun félagsins að núverandi gildistími sé ekki réttur og vinni almennt á móti þeirri virðingu sem gilt ökuskírteini þarf að hafa. Þá mætti setja ákvæði um virkara eftirlit með því að skírteinishafi uppfylli skilyrði til að fá útgefið ökuskírteini. Í því sambandi er rétt að benda á að samkvæmt ákvörðun EB er áætlað að breyttar reglur taki gildi 2013 þannig að gildistími almennra ökuréttinda verði 10 ár en ekkert ætti að mæla á móti því að taka þessar reglur upp strax hér á landi.

Nr 3; Um a. lið 6. málsgreinar. Reglur um akstursmat eru eflaust góðra gjalda verðar og hafa í mörgum tilfellum skilað jákvæðum árangri. Hins vegar er það skoðun Ökukennarafélagsins að framkvæmdina þurfi að endurskoða á faglegan hátt og gera þurfi ákveðnar breytingar varðandi hana. Til dæmis er það skoðun félagsins að sá tími sem ætlaður er til akstursmatsins sé of stuttur til þess að hægt sé að framkvæma það með fullnægjandi hætti. Því leggur Ökukennarafélagið til að sú vinna fari fram með aðkomu félagsins til að tryggja að faglegur árangur náist og uppeldislegir þættir og rétt viðhorf verði fest í huga ökumannsins.



Nr 4; Um 9. málsgrein 1. greinar. Um takmarkandi reglur fyrir byrjendur. Í fyrsta lagi vill Ökukennarafélagið benda á að hér er um að ræða þætti sem erfitt er að hafa eftirlit með og geta þ.a.l. skilað takmörkuðum árangri.

Í öðru lagi er það skoðun Ökukennarafélagsins að takmarkanir á aksturstíma séu óraunhæfar og því dæmdar til að mistakast m.a. vegna ríkjandi lífsmynsturs hér á landi. Varðandi vélstærð og fjölda farþega er það skoðun Ökukennarafélagsins að þau atriði geti skilað árangri. Takmörkun á vélstærð er þekkt í bifhjólaréttindum.

Í þriðja lagi þykir Ökukennarafélaginu að vissu ósamræmi sé varðandi 20 ára aldur og takmörkun á réttindum þó aðili hafi fengið fullnaðarskírteini en það getur hann fengið annaðhvort 18 eða 19 ára gamall. Eðlilegra væri að takmarkanir giltu fyrir handhafa bráðabirgðaökuskírteinis.

Nr. 5; Um 6. gr. Akstursbann. 1. málsgrein. Ökukennarafélagið telur um full harkalega aðgerð að ræða að ökumaður skuli settur í akstursbann fyrir 4 punkta eða aðeins eitt brot sem gæti verið af vangá.

Varðandi aðra málsgrein um sérstök námskeið vill Ökukennarafélagið taka fram að það óskar eftir að eiga aðkomu að setningu reglna þar um.

Að öðru leyti lýsir Ökukennarafélagið yfir ánægju sinni með framkomnar tillögur og ítrekar nauðsyn þess að tillit verði tekið til ábendinga þess sem fagfélags ökukennara með einna mesta þekkingu á þessum málum hér á landi. Þá er það skoðun félagsins að löngu sé tímabært að taka umferðarlögin til endurskoðunar í heild sinni.

Reykjavík, 1. febrúar 2007

f.h. Ökukennarafélags Íslands

Þorvaldur Finnbogason
ritari stjórnar